

Samstæðuársreikningur

Rauði krossinn á Íslandi

2024



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna á ársreikninginn	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur ársins 2024	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	7 - 8
Sjóðstreymi ársins 2024	9
Skýringar	10 - 14
Sundurliðanir	15 - 20

Stjórn Rauða krossins á Íslandi:

Silja Bára R. Ómarsdóttir, formaður
Sigríður Stefánsdóttir, varaformaður
Arnbjörg Sveinsdóttir
Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir
Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir
Ívar Kristinsson
Jón Ásgeirsson

Magnea Gná Jóhannsdóttir
Óttarr Ólafur Proppé
Símon Friðrik Símonarson
Valgerður Bláklukka Fjöl意思dóttir
Árni Jóhannsson
Unnsteinn Ingason

Framkvæmdastjóri:

Gísli Rafn Ólafsson

Endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Afkoma Rauða krossins á Íslandi á árinu samkvæmt rekstrarreikningi var jákvæð um 499 millj. kr. Eigið fé í lok árs var 5.645 millj. kr en var 5.145 millj. kr. í upphafi árs. Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur til að rekstrarhagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs. Upplýsingar um stöðugildi og launakostnað má sjá í skýringu 19-20. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu Rauða krossins og rekstur hans á liðnu ári.

Tekjur af söfnunarkössum lækkuðu um 8% á milli ára. Síversnandi samkeppnisstaða Íslandsspila er mikið áhyggjuefni. Árstekjur Íslandsspila voru 1.400 milljónum lægri á árinu 2024 en þær voru að núvirði tíu árum fyrr. Framlög til Rauða krossins á Íslandi hafa af þessum sökum dregist verulega saman sem hefur haft skaðleg áhrif á viðbragðsgetu félagsins um langt árabil. Skýringin er annars vegar ójöfn samkeppni vegna rýmri lagaheimilda Hæddráttis Háskólans til reksturs spilakassa og hins vegar óheftur og efirlitslaus aðgangur landsmanna að ólöglegum peningaspilum á netsíðum sem reknar eru af erlendum aðilum.

Árið einkenndist af áframhaldandi viðbrögðum vegna afleiðinga eldgosa í nágrenni Grindavíkur. Styrkur að fjárhæð um 210 milljónir barst frá Hamfarasjóði Rio Tinto, sem er hæsti styrkur sem fyrirtæki hefur veitt félaginu til verkefna innanlands. Styrknum er ætlað að styðja samfélagið í Grindavík og auka viðnámsþrótt vegna eldgosa og jarðhræringa á Suðurnesjum.

Félagið gerði samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið í kjölfar útboðs um þjónustu við flóttafólk.

Í árslok voru starfandi 26 deildir eftir að þær tvær deildir sem voru starfandi á höfuðborgarsvæðinu sameinuðust í eina. Verkefni deilda voru að mestu hefðbundin en á árinu gerði höfuðborgarsvæðisdeild samning við Reykjavíkurborg um rekstur neyslurýmis. Sala og skipulagning skyndihjálparnámskeiða færðist frá höfuðborgarsvæðisdeild til landsskrifstofu sem nú sinnir einnig þjónustu við deildir á landsbyggðinni á því sviði. Þjónusta við umsækjendur um vernd færðist frá landsskrifstofu til höfuðborgarsvæðisdeildar og þar með er þjónusta við farendur alfarið hjá deildum í takt við stefnu félagsins.

Undirbúningur endurbóta á húsnæði félagsins í Efstaleiti hófst á árinu. Húsið var tekið í notkun fyrir aldarfjórðungi og endurnýjun á innra byrði því tímabær, auk þess sem laga þarf skipulag betur að verkefnaíðunni starfi. Fasteignafélagið Kaldalón styrkti félagið með aðgengi að skrifstofuhúsnæði við Víkurhvarf á meðan framkvæmdum stendur.

Fjármagnstekjur ársins voru verulegar, eða tæpar 330 milljónir, sem skýrist af hækkuðum verðbréfaeignar varasjóðs og háum vöxtum á innlánnum.

Nýr framkvæmdastjóri, Gísli Rafn Ólafsson, hóf störf í febrúar 2025 í kjölfar þess að Kristín S. Hjálmtýsdóttir, sem gengt hafði stöðu framkvæmdastjóra frá upphafi árs 2016, lauk störfum í nóvember 2024.

Rauði krossinn á Íslandi varð 100 ára á árinu. Haldið var upp á afmælið með ýmsum hætti, meðal annars með útgáfu bókar um sögu félagsins. Hápunkturinn var hátíðardagskrá í Hörpu á afmælisdaginn 10. desember þar sem forseti, forsætisráðherra og framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofu IFRC tóku til máls. Um kvöldið var hátíðarmálsverður þar sem forseti, dómsmálaráðherra, erlendir gestir og stjórn félagsins tóku þátt ásamt gestum úr hópi sjálfbodaliða, samstarfsaðila, starfsmanna og embættismanna.

Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna, framh.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Rauða krossins á Íslandi.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning (hér eftir ársreikningurinn) Rauða krossins á Íslandi (hér eftir samstæðan) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með samstæðuársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlitri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og samstæðuársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar:

Áritun óháðs endurskoðanda - frh.

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar á samstæðunni.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 þar sem fram koma upplýsingar um eignir utan efnahagsreiknings. Rauði krossinn á Íslandi á 68,76% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. sem ekki er færður til eignar í efnahag samstæðunnar.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 7. maí 2025

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum	17	353.660	384.443
Tekjur af sölustarfsemi	22	492.038	472.358
Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög	23	1.138.722	1.086.303
Sjúkraflutningar, hlutur sjúklinga og stofnana		603.221	575.545
Frjáls framlög	24	753.591	604.646
Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur	25	17.710	16.363
		<u>3.358.941</u>	<u>3.139.658</u>
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum		<u>330.101</u>	<u>250.795</u>
Tekjur til verkefna		3.689.042	3.390.453
Gjöld og framlög til verkefna			
Innlend verkefni	26	1.236.218	979.949
Alþjóðleg verkefni	27	650.876	672.867
Sjúkraflutningar	18, 28	674.237	632.751
Fjáröflun og kynning	29	398.129	411.934
Sameiginlegur kostnaður	30	230.124	189.661
		<u>3.189.584</u>	<u>2.887.162</u>
Tekjur umfram gjöld		<u>499.459</u>	<u>503.291</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6, 12		
Fasteignir		336.913	354.136
Áhöld, tæki og búnaður		175.131	211.964
Bífreiðar		658.907	828.704
		<u>1.170.950</u>	<u>1.394.804</u>
Langtímakröfur og áhættufjármunir:			
Bundnar innstæður og verðbréf hjá deildum		192.866	240.153
Bundnar bankainnstæður varasjóðs	13, 14	358.213	338.953
		<u>551.080</u>	<u>579.107</u>
Fastafjármunir		<u>1.722.030</u>	<u>1.973.911</u>
Veltufjármunir			
Birgðir:			
Vörubirgðir	7	1.391	1.466
Skammtímakröfur:			
Útistandandi tekjur af söfnunarkössum		34.706	32.204
Aðrar skammtímakröfur	8	243.383	290.397
Veltufjármunir varasjóðs:			
Innstæður og verðbréf varasjóðs	13, 14	834.787	854.047
Handbært fé:	9		
Sjóður og bankainnstæður		2.839.588	2.302.594
Skammtímaverðbréf		887.611	682.289
Veltufjármunir		<u>4.841.466</u>	<u>4.162.996</u>
Eignir alls		<u>6.563.496</u>	<u>6.136.907</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	17		

31. desember 2024

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2024	2023
Eigið fé	15		
Bundið eigið fé:			
Varasjóður		1.193.000	1.193.000
Eigið fé bundið í varanl. rekstrarfjárm.		1.170.950	1.394.804
Eigið fé bundið í Sjúkrabílasjóði		1.511.620	1.020.027
Skilyrt framlög		257.995	137.108
		<u>4.133.566</u>	<u>3.744.939</u>
Óbundið eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		1.511.283	1.399.966
		<u>1.511.283</u>	<u>1.399.966</u>
Eigið fé		<u>5.644.849</u>	<u>5.144.905</u>
Skuldbindingar			
Eftirlaunaskuldbinding	16	<u>120.135</u>	<u>122.104</u>
Skuldbindingar		<u>120.135</u>	<u>122.104</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		236.317	331.905
Óráðstafaðar tekjur til verkefna	32	<u>562.195</u>	<u>537.994</u>
Skammtímaskuldir		<u>798.512</u>	<u>869.899</u>
Skuldir alls		<u>918.647</u>	<u>992.002</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>6.563.497</u>	<u>6.136.907</u>

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Handbært fé frá rekstri			
Frá rekstri:			
Tekjur umfram gjöld af reglulegri starfsemi		499.459	503.291
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6, 12	255.878	222.932
Söluhagnaður eigna		(1.066)	(46.353)
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar	16	14.520	26.689
		<u>768.791</u>	<u>706.558</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; (hækkun) lækkun		44.997	(11.660)
Birgðabreyting; (hækkun) lækkun		75	(650)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		(71.387)	172.492
		<u>(26.314)</u>	<u>160.182</u>
		<u>742.477</u>	<u>866.740</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð og söluverð eigna hjá Sjúkrabílasjóði		(3.791)	(246.453)
Kaupverð og söluverð eigna hjá deildum		(4.493)	32.700
Kaupverð og söluverð eigna hjá Landsskrifstofu		(22.673)	0
Kaupverð og söluverð eigna hjá Fatasöfnun		0	350
Bundnar innstæður og verðbréf deilda		47.287	(29.430)
		<u>16.329</u>	<u>(242.832)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir eftirlaunaskuldbindingar	16	(16.488)	(17.780)
		<u>(16.488)</u>	<u>(17.780)</u>
Hækkun á handbæru fé		742.317	606.128
Handbært fé í ársbyrjun		2.984.883	2.378.754
Handbært fé í árslok		<u>3.727.199</u>	<u>2.984.883</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Vikið er frá kröfum ársreikningalaga varðandi meðferð eignarhluta í Íslandsspilum sf. eins og heimilt er samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ársreikningalaga. Eignarhlutinn hefur verið utan efnahagsreiknings allt frá stofnun Íslandsspila sf., þar sem starfsemi Íslandsspila sf. er verulega frábrugðin starfsemi Rauða krossins á Íslandi. Í skýringu nr. 17 er gerð nánari grein fyrir þessu. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í þúsundum íslenskra króna.

Grundvöllur samstæðu

2. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2024 hefur að geyma ársreikning landsskrifstofu, Sjúkrabílasjóðs, Fatasöfnunar Rauða krossins og allra Rauða kross deilda á landinu, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Deildir sem innifaldar eru í samstæðunni starfa undir merkjum Rauða Krossins og fylgja reglum og markmiðum hans.

Stöður milli deilda, viðskipti og óinnleystur hagnaður og/eða tap sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðuársreikningnum.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

4. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Frjáls framlög og styrkir eru færð til tekna við greiðslu.

Lotun gjalda

5. Útgjöld eru færð í samstæðuársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 - 50 ár
Áhöld, tæki og búnaður	5 ár
Bifreiðar	5 - 8 ár

Birgðir

7. Birgðir í efnahagsreikningi eru vegna verslana Kvennadeildar. Þær eru metnar á síðasta innkaupsverði.

Aðrar skammtímakröfur

8. Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að fráregningu niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 159 millj.kr. í lok ársins en hún nam 144 millj.kr. í ársbyrjun.

Handbært fé

9. Sjóður, bankainnstæður og skammtímaverðbréf teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Starfsþáttayfirlit

10. Rekstur samstæðunnar skiptist þannig eftir starfsþáttum:

	Lands- skrifstofa	Sjúkra- bílar	Fata- söfnun	Deildir	Innbyrðis viðskipti	Samtals
Tekjur af söfnunarkössum	350.390	0	0	3.270	0	353.660
Tekjur af sölustarfsemi	37.923	0	256.141	201.946	(3.972)	492.038
Samningsb. verk við stjórnvöld	1.094.166	295.000	0	44.555	(295.000)	1.138.722
Sjúkraflutningar	0	603.221	0	0	0	603.221
Frjáls framlög	801.018	0	32.267	206.189	(285.882)	753.591
Framlag RKÍ til sjúkrabíla	0	21.000	0	0	(21.000)	0
Tekjur af fasteignum	1.378	0	0	16.332	0	17.710
Fjármunatekjur	221.814	46.652	291	61.344	0	330.101
Framlög til deilda úr verkefnasj. ...	(7.078)	0	0	0	7.078	0
	2.499.611	965.873	288.699	533.635	(598.776)	3.689.042
Innlend verkefni	907.930	0	99.000	547.228	(317.940)	1.236.218
Alþjóðleg verkefni	650.876	0	0	0	0	650.876
Sjúkraflutningar	316.000	683.197	0	0	(324.960)	674.237
Fjáröflun, samskipti og kynning	170.926	0	189.033	41.069	(2.900)	398.129
Sameiginlegur kostnaður	183.100	0	0	0	47.024	230.124
	2.228.833	683.197	288.033	588.297	(598.776)	3.189.584
Afkoma	270.778	282.676	666	(54.661)	0	499.459

11. Efnahagur samstæðunnar skiptist þannig eftir starfsþáttum:

	Lands- skrifstofa	Sjúkra- bílar	Fata- söfnun	Deildir	Innbyrðis viðskipti	Samtals
Varanlegir rekstrarfjármunir	90.750	808.472	2.684	269.044	0	1.170.950
Bundnar innstæður og verðbréf	358.214	0	0	192.866	0	551.080
Skammtíma kröfur og birgðir	222.736	1.044.925	8.946	10.236	(1.007.363)	279.480
Innstæður og verðbréf varasj.	834.787	0	0	0	0	834.787
Handbært fé	2.448.365	502.829	60.166	715.840	0	3.727.200
	<u>3.954.852</u>	<u>2.356.226</u>	<u>71.796</u>	<u>1.187.986</u>	<u>(1.007.363)</u>	<u>6.563.497</u>
Bundið eigið fé	1.541.745	2.320.092	2.685	269.044	0	4.133.566
Óbundið eigið fé	646.340	0	27.053	837.890	0	1.511.283
Skuldir og skuldbindingar	1.766.767	36.134	42.058	81.052	(1.007.363)	918.648
	<u>3.954.852</u>	<u>2.356.226</u>	<u>71.796</u>	<u>1.187.986</u>	<u>(1.007.363)</u>	<u>6.563.497</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

12. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundradshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og búnaður	Bifreiðar	Samtals
Samstæða:				
Heildarverð 1.1. 2024	650.655	620.942	1.757.537	3.029.133
Afskrifað áður	(296.519)	(408.977)	(928.832)	(1.634.329)
	<u>354.136</u>	<u>211.964</u>	<u>828.704</u>	<u>1.394.804</u>
Viðbót á árinu	18.862	25.641	8.305	52.807
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(20.783)	(20.783)
Afskrifað á árinu	(36.084)	(62.474)	(157.320)	(255.878)
Heildareign 31.12. 2024	<u>336.913</u>	<u>175.131</u>	<u>658.907</u>	<u>1.170.950</u>

Afskriftarhlutföll 2-3% 20% 15-20%

Mat á fasteignum skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2024	Brunabótamat 31.12. 2024	Bókfært verð 31.12. 2024
Efstaleiti 9	355.150	513.850	67.478
Rauðarárstígur 33, 6 íbúðir, 50%	197.975	119.280	8.289
Grímseyri 9	9.284	34.320	2.633
Fasteignir deilda	542.688	1.352.979	258.513
	<u>1.105.097</u>	<u>2.020.429</u>	<u>336.913</u>

Innstæður og verðbréf varasjóðs

13. Eignir varasjóðs eru færðar þannig í ársreikningi samstæðunnar:

	Árið 2024	Árið 2023
Bundnar bankainnstæður til langs tíma	358.213	338.953
Innstæður og verðbréf varasjóðs	834.787	854.047
	<u>1.193.000</u>	<u>1.193.000</u>

14. Yfirlit yfir verðbréfaeign og innstæður varasjóðs:

	Árið 2024	Árið 2023
Innlendir skuldabréfasjóðir	511.941	611.624
Erlendir hlutabréfasjóðir	204.328	176.664
Innlend hlutabréf	934	787
Íbúðabréf	0	11.214
Bankabréf og skuldabréf fyrirtækja	117.583	53.758
Bankainnstæður	358.213	338.953
	<u>1.193.000</u>	<u>1.193.000</u>

Eigið fé

15. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.193.000	2.551.939	1.399.966	5.144.905
Leiðrétting á eigin fé 1.1			485	485
Verkefnasjóður; breyting		120.887	(120.887)	0
Sjúkrabílasjóður; breyting		491.594	(491.594)	0
Varanl. rekstrarfjárm.; breyting		(223.855)	223.855	0
Tekjur umfram gjöld			499.459	499.459
Eigið fé samtals 31.12. 2024	<u>1.193.000</u>	<u>2.940.566</u>	<u>1.511.283</u>	<u>5.644.849</u>

Eftirlaunaskuldbinding

16. Á Rauða krossinum á Íslandi hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna eftirlaunaréttinda nokkurra fyrrum starfsmanna. Reiknuð hækkun eftirlaunaréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á eftirlaunaskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á skuldbindingunni. Breytingin á árinu greinist þannig:

	2024	2023
Eftirlaunaskuldbinding í ársbyrjun	122.104	113.194
Breyting áunninna réttinda á árinu	14.520	26.689
Greitt á árinu	(16.488)	(17.780)
Eftirlaunaskuldbinding í árslok	<u>120.135</u>	<u>122.104</u>

Önnur mál

Eignir utan efnahagsreiknings

17. Rauði krossinn á Íslandi á 68,75% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. Meðeigandi er Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Íslandsspil sf. er samstarfsverkefni sem hefur þann tilgang að afla fjár fyrir starfsemi félaganna með ábyrgum rekstri á söfnunarkössum. Hagnaði af rekstri Íslandsspila sf. er að mestu ráðstafað árlega til eigenda og er ráðstöfun ársins færð í rekstrarreikning undir liðnum "Tekjur af söfnunarkössum".

Í árslok 2024 nam eigið fé Íslandsspila sf. 393 millj.kr. og nam því hlutdeild Rauða krossins á Íslandi 270 millj.kr.

Sjúkraflutningar

18. Heildarkostnaður við rekstur Sjúkrabílasjóðs nam 683 millj. kr. á árinu en tekjur af flutningum námu 603,2 millj.kr. Framlag ríkisins vegna verkefnisins nam 295 millj. kr. Framlag RKÍ samkvæmt samningi við ríkið nam 21,0 millj. kr. á árinu.

Samkvæmt samkomulagi við ríkið ber Sjúkrabílasjóði að ráðstafa rekstrarafgangi sínum til að mæta rekstrarhalla í framtíðinni.

Laun og launatengd gjöld

19. Laun, launatengd gjöld og starfsmannatengdur kostnaður greinast þannig:

	2024	2023
Laun landsskrifstofu og Sjúkrabílasjóðs	467.745	463.160
Laun Farsóttarhús	0	2.162
Laun Fjöldahjálparmiðstöð og neyðarskýli	83.469	77.930
Laun sendifulltrúa	23.408	25.042
Laun Fatasöfnunar	58.866	69.367
Laun deilda	229.667	188.202
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	231.512	249.366
	<u>1.094.667</u>	<u>1.075.229</u>

Laun stjórnenda námu 45,9 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 44,2 millj. kr.)

20. Stöðugildi hjá Rauða krossinum á Íslandi voru eftirfarandi:

	2024	2023
Efstaleiti 9	41,8	45,0
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	0,0	0,1
Fjöldahjálparstöð og neyðarskýli	9,3	9,9
Deildir	25,0	21,4
Fatasöfnun	7,4	9,1
Sjúkrabílasjóður	2,4	2,2
Sendifulltrúar	1,6	2,1
	<u>87,5</u>	<u>89,8</u>

Þóknun til endurskoðenda

21. Þóknun til ytri endurskoðenda samstæðunnar nam 7,7 millj. kr. (2023: 7,2 millj. kr.)

Sundurliðanir ársins 2024

	2024	2023
22. Tekjur af sölustarfsemi		
Tekjur af Fatasöfnun	256.141	268.445
Tekjur deilda vegna fatakorta	4.537	5.862
Önnur sala hjá verslunum deilda	95.619	87.419
Seld námskeið	100.610	82.106
Vörusala umfram vörunotkun af sölustarfsemi Kvennadeildar	24.381	21.388
Önnur vörusala	6.380	2.377
Fæðissala	4.369	4.760
Tekjur af sölustarfsemi	492.038	472.358
23. Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög		
Sjúkraflutningar	295.000	271.420
Neyðarskýli	128.892	31.653
Flóttafólk	110.529	132.592
Umsækjendur um alþjóðlega vernd	107.463	111.752
Fjöldahjálparstöð	94.771	140.094
Miðjarðarhaf - neyðaraðstoð	66.798	64.040
Sierra Leone - þróunarsamvinna	60.669	43.256
Malaví - þróunar- og neyðaraðstoð	54.090	86.225
Súdan - neyðaraðstoð	32.285	7.880
Skaðaminnkun - Neyslurými	27.550	9.213
Skaðaminnkun - Frú Ragnheiður	23.232	21.493
Jarðhræringar á Suðurnesjum	25.325	0
Sómalía - þróunarsamvinna	23.399	24.517
Afganistan - neyðaraðstoð	20.964	0
Sýrland - neyðaraðstoð	18.868	30.686
Rammasamningur við UTN - ýmis verkefni	18.226	17.601
Afríka - Brúun hins stafræna bils	11.519	20.944
Marokkó, jarðskjálftar - neyðaraðstoð	10.853	0
Líbanon - neyðaraðstoð	8.289	0
Sómalía - hungursneyð	0	38.467
Líbía - neyðaraðstoð	0	13.815
Tyrkland - neyðaraðstoð	0	8.999
Afríka - trjáræktaráttak IFRC	0	7.000
Almannavarnir - snjóflóð á Neskaupstað	0	4.656
Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög	1.138.722	1.086.303

	2024	2023
24. Frjáls framlög		
Mannvínir	331.605	313.022
Úkraína - vopnuð átök	67.759	81.974
Jarðhræringar Suðurnes - framlag frá IFRC	48.795	23.015
Sálrænn stuðningur við flóttafólk - Evrópuverkefni	45.650	20.702
Jarðhræringar Suðurnes- styrkir	43.295	2.150
Félagsgjöld til deilda	28.584	26.129
Styrkir frá ríkissjóði og ríkisstofnunum	28.362	14.078
Hjálparsími	22.977	22.326
Önnur framlög og gjafir	22.317	10.141
Vaknaðu - styrktartónleikar	20.714	19.339
Jólahefti	16.250	18.191
Alþjóðlegt hjálparstarf - frestaðar tekjur	14.209	(28.929)
Viðnámsþróttur - Suðurnes, Rio Tinto	14.030	0
Umsækjendur um vernd	5.698	12.211
Skadaminnkun - Frú Ragnheiður	10.009	4.950
Aðstoð eftir afplánun	5.229	4.028
Afganistan - neyðaraðstoð	4.731	0
Vinaverkefni	4.101	3.888
Félagsleg aðlögun flóttafólks - Evrópuverkefni	3.789	1.985
Jólaaðstoð	3.390	2.072
Sómalía - neyðaraðstoð	3.071	27.549
Flóttafólk	2.555	1.946
Marokkó - neyðaraðstoð	2.058	0
The Keys to Society	1.765	0
Malavi - mannúðaraðstoð	1.183	0
Tómstundasjóður	735	0
Miðjarðarhaf - neyðaraðstoð	730	6.368
Tyrkland 2023 jarðskjálfti - neyðaraðstoð	0	5.000
Líbía flóð - neyðaraðstoð	0	1.858
Neyðaraðstoð einstaklinga	0	810
Verkefnasjóður-órádstafað	0	9.842
Frjáls framlög	753.591	604.646
25. Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur		
Húsaleigutekjur	17.710	16.363
Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur	17.710	16.363
26. Innlend verkefni		
Laun og annar óskiptur kostnaður deilda	46.663	51.438
Laun og annar rekstrarkostnaður deildarþjónustu og stjórnar	54.985	44.643
Laun og annar rekstrarkostnaður vegna innlands hjálparstarfs	32.954	42.978
Flóttafólk	144.613	164.433
Jarðhræringar Suðurnes 2023	132.697	25.389
Neyðarskýli	128.912	31.653
Umsækjendur um alþjóðlega vernd	107.670	118.395
Skyndihjálp	103.953	92.402

	2024	2023
Fjöldahjálpastöð	94.771	140.093
Hjálparsími	62.822	57.739
Skaðaminnkun - Frú Ragnheiður	62.026	57.131
Skaðaminnkun - Neyslurými	60.525	37.881
Sálræn skyndihjálp	58.939	36.298
Rekstur fasteigna deilda	43.535	37.046
Vinaverkefni	43.157	31.457
Neyðarvarnir	19.221	26.789
Aðstoð eftir afplánun	15.746	12.798
Einstaklingsaðstoð	6.260	5.659
Fjölmenningarverkefni	3.068	1.712
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	0	3.678
Söluhagnaður fasteigna deilda	0	(44.586)
Önnur innlend verkefni	13.702	4.923
Innlend verkefni	1.236.218	979.949
27. Alþjóðleg verkefni		
Alþjóðahjálparstarf:		
Neyðar- og mannúðaraðstoð	303.440	371.156
Þróunarsamvinna	210.879	184.675
Sendifulltrúar	40.917	48.674
	555.236	604.505
Alþjóðasamstarf og önnur alþjóðleg verkefni:		
Laun og annar rekstrarkostnaður	84.432	57.938
Námskeið, ráðstefnur, fundir	4.849	5.492
Framlag til ICRC og IFRC	6.359	4.932
	95.640	68.362
Alþjóðleg verkefni	650.876	672.867
28. Sjúkraflutningar		
Rekstrarkostnaður sjúkrabifreiða	238.152	221.421
Áhöld, búnaður og fjarskipti	104.552	109.468
Önnur rekstrargjöld	117.757	103.820
Afskriftir sjúkrabifreiða og búnaðar	213.775	198.042
Sjúkraflutningar	674.237	632.751
29. Fjáröflun og kynning		
Laun og annar rekstrarkostnaður	28.526	36.162
Rekstur Fatasöfnunar	189.033	217.736
Fjáraflanir	92.803	102.836
Rekstur verslana deilda	41.067	36.881
Kynningar- og markaðsmál	46.700	18.319
Fjáröflun og kynning	398.129	411.934

	2024	2023
30. Sameiginlegur kostnaður		
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	109.206	102.224
Rekstur fasteigna	48.374	12.315
Skrifstofukostnaður og annar rekstrarkostnaður	25.900	22.407
Rekstur tölvubúnaðar	19.926	15.074
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar	14.520	26.689
Mötuneyti og kaffikostnaður	11.095	10.548
Rekstur bifreiða	1.103	403
Sameiginlegur kostnaður	230.124	189.661

31. Framlög verkefnasjóðs

Verkefnasjóður fær hluta af tekjum af söfnunarkössum skv. ákvörðun aðalfundar. Þeim er ráðstafað til verkefna deilda í samræmi við ákvörðun stjórnar Verkefnasjóðs.

Tekjur af söfnunarkössum	102.828	92.997
Tekjur frá Mannvinum	25.138	22.185
	127.965	115.182
Ráðstöfun:		
Framlög til deilda	7.078	36.362
Fært á næsta ár	120.887	78.819
	127.965	115.182
Uppsafnað ráðstöfunarfé	239.390	118.502

32. Óráðstafaðar tekjur til verkefna

Frestuð alþjóðleg verkefni:		
Neyðaraðstoð/mannúðarverkefni	127.132	141.340
Úkraína, vopnuð átök	21.910	89.116
Palestína - neyðaraðstoð	5.960	0
Tyrkland jarðskjálfti neyðaraðstoð	5.756	5.756
Rammasamningur þróun - UTN og RKÍ 2022-2024	0	21.138
Rammasamningur mannúð UTN 2022-2024	0	5.645
Afganistan ICRC	0	4.731
Sómalía - mobile health	0	3.071
Fræðslumyndband - styrkur frá UTN	0	2.272
Marokkó jarðskjálftar neyðaraðstoð	0	2.058
Efling RKÍ í að bregðast við ofbeldi, mism. og útilokun	0	1.904
	160.757	277.032
Frestuð verkefni innanlands:		
Viðnámsþróttur á Suðurnesjum - Rio Tinto	198.490	0
Verkefnasjóður, óráðstafað	50.052	50.052
Jarðhræringar Suðurnes 2023	27.536	14.909
Málsvarastarf	19.957	13.457
Sálrænn stuðningur við flóttafólk - Evrópuverkefni	18.667	29.306
Erfðafjárverkefni	16.532	16.532

	2024	2023
Seyðisfjörður	13.309	13.309
Samningur um þjónustu við flóttafólk	11.392	7.233
The Keys to Society samstarf við CCEP	8.235	0
Samningur um þjónustu við umsækjendur um vernd	6.880	7.734
Fjölskyldusameiningar 2025	6.500	0
Nyoxin (Naxalon) - fræðsla	4.750	2.910
Íslenskukennsla	4.559	2.340
Áfallasjóður	4.200	4.200
Skaðaminnkun - Frú Ragnheiður	3.559	7.927
Mansalsheiti RKÍ	2.930	2.930
Vinaverkefni	758	1.660
Félagsleg aðlögun flóttafólks - Evrópuverkefni	629	4.418
Tómstundasjóður	84	819
DREF - Volcanic and seismic activities IFRC	0	48.795
Vaknaðu - Styrktartónleikar	0	24.964
Aðstoð eftir afplánun	0	1.779
Þjörgun úr vatni - Þjálfun leiðbeinenda	0	1.695
Önnur verkefni	2.419	3.994
	401.438	260.963
Óráðstafaðar tekjur til verkefna	562.195	537.994

33. Kassatekjur deilda og framlög úr verkefnasjóði

	Kassa- tekjur	Verkefnasjóður samkvæmt umsóknnum	Samtals
Rauði krossinn í Árnassýslu	2.517	7.078	9.595
Rauði krossinn í Múlasýslu	754	0	754
	3.271	7.078	10.349

Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson

Framkvæmdastjóri
Gísli Rafn Ólafsson

Stjórnarformaður
Silja Bára R. Ómarsdóttir

Stjórnarmaður
Sigríður Stefánsdóttir

Stjórnarmaður
Arnbjörg Sveinsdóttir

Stjórnarmaður
Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir

Stjórnarmaður
Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir

Stjórnarmaður
Ívar Kristinsson

Stjórnarmaður
Jón Ásgeirsson

Stjórnarmaður
Magnea Gná Jóhannsdóttir

Undirritunarsíða

Stjórnarmaður
Óttarr Ólafur Proppé

Stjórnarmaður
Símon Friðrik Símonarson

Stjórnarmaður
Valgerður Bláklukka Fjölhisdóttir